



## Heiti áfanga: Stjörnufræði

Áfanganúmer: JARÐ2SF05

Þrep: 2

Fyrir hvaða bekk: 3N og 3F

Aðili sem kynnir áfanga: Jón Snæbjörnsson

Forkröfur: Engar

### Lýsing:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- stjörnuskoðun á Íslandi
- helstu atriðum nútíma stjarnvísinda

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja stjörnuskoðun fyrir nemendahóp, framkvæma og útskýra
- nýta sér rannsóknartæki og hugbúnað í tengslum við sérhæfð verkefni
- nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni, sértæk stjörnuskoðunarforrit
- safna upplýsingum um himingeiminn, vinna úr þeim og miðla til annarra

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þekkingu sína og leikni til að:

- auka skilning sinn á stjarnfræðilegum viðfangsefnum
- tileinka sér helstu staðreyndir um sólkerfi okkar og alheiminn

Námsmat

Byggir á verklegum æfingum (vettvangsferðum), verkefnum og kaflaprófum.